

<b>Dags. fundar:</b> 1. mars 2011	<b>Tími:</b> 17:00	<b>Nr. fundar:</b> 7
<b>Fundarboðari:</b> Ólafur Baldursson	<b>Fundarritari:</b> Steinunn R. Einarsdóttir	<b>Staður:</b> Dómaraherbergi, sundlauginni í Laugardal.

#### Efni fundar:

1. *Bikar – starfsmannamál.*
2. *Endurmenntunarnámskeið dómara.*
3. *Dómaranámskeið hjá ÍBV*
4. *Mót erlendis fyrir íslenska dómara*
5. *Önnur mál.*
6. *Næsti fundur.*

**Viðstaddir:** Ólafur Baldursson, Gunnlaugur Þráinsson, Birna Björnsdóttir, Steinunn R. Einarsdóttir og Björn Valdimarsson.

**Boðuð forföll:** Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.

**Fjarverandi en boðaðir:** Ragnhildur Guðjónsdóttir.

#### Dagskrá:

1. Rætt var í hvaða farvegi Bikarkeppnin væri en ennþá vantar dómara á mótið.
2. Talað var um að setja saman endurmenntunarnámskeið sem leiðbeinendur og dómaranefnd setji saman vegna breytinga á FINA. Talað var um að nefndin hitti þá leiðbeinendur (Björn Valdimarsson, Söruh Buckley, Gústaf A. Hjaltason, Ólaf Baldursson, Örn Ólafsson og Klemenz Sæmundsson).
3. ÍBV vantar námskeið í sambandi við sundmót. ÍBV skuldar nokkrum félögum og SSÍ. Rætt var að bjóða þeim að ganga frá skuldunum á nokkrum greiðslum. Ólafur ætlar að fá botn í þetta mál. Rætt var að yfirdómari og ræsir fari á mótið og kenni á einu kvöldi og hafa svo verklega kennslu daginn eftir. Námskeiðið er á kostnað eyjamanna.
4. Dómaranefnd þarf að setjast yfir þau mót sem möguleiki er að senda dómara á erlendis. Gústaf A. Hjaltason er næstur á lista og eini sem eftir er á eldri listanum. Ólafur ætlar að senda okkur tölvupóst vegna þessa.

5. Dómaranefnd er með fjóra í nefndinni núna og rætt var að það þyrfti að fá einn til viðbótar. Ólafur talaði um að gera þyrfti nefndina sjálfstæðari. Kjósa þurfi formann sem boðar til funda. Björn Valdimarsson, Gunnlaugur Þráinsson, Steinunn Rósa Einarsdóttir og Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir eru í nefndinni núna ásamt Ragnhildi Guðjónsdóttur sem er í tæknihlutanum. Birna Björnsdóttir hefur sagt sig úr nefndinni.
6. Rætt var að hafa fundi síðasta miðvikudag í mánuði svo fundagerð geti farið á næsta stjórnafund á eftir. Næsti fundur yrði skv. því miðvikudaginn 30. mars n.k.

**Verkefni ákveðin á fundinum:**

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir</i>
Senda út ítrekun á Bikar – tala við Ingigerði SSÍ	GP	Sem fyrst.
Undirbúa fund með nefnd og leiðbeinendum vegna endurmenntunarnámskeiðs.	ÓB	Sem fyrst
Dómaranámskeið o.fl. hjá ÍBV	ÓB	Sem fyrst.
Erlend mót og íslenskir dómara.	ÓB	Tölvupóst.

**Fylgiskjöl:** Engin.

**Fundi slitið:** kl. 18:00.

**Næsti fundur:** 30. mars 2011.